



Alþingi
vt. efnahags- og viðskiptanefnd
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

19. mars 2015
Tilvísun: 2015030019

Efni: Álit um breytingartillögu efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 5. mars sl., þar sem óskað er eftir álitum Fjármálaeftirlitsins á því hvort fyrirhuguð innleiðing á tilskipun 2009/44/EB sem breytir tilskipun 2002/47/EB, eins og lagt er til í breytingartillögu nefndarinnar, leiði til þrengingar á núverandi möguleikum fyrirtækja á fjármálamarkaði til að eiga viðskipti sín á milli með skuldatryggingar.

Til svars við framangreindu tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi fram:

Lög nr. 46/2005 um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir gilda um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir (e. financial collateral arrangements). Samkvæmt lögnum getur andlag fjárhagslegrar tryggingar verið reiðufé eða fjármálagerningur. Í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 46/2005, sem nú er til meðferðar hjá Alþingi (þingskj. 4, mál 4) er lagt til að tryggingarráðstafanir nái einnig yfir skuldakröfur en með skuldakröfum er átt við fjárhagslega kröfu sem hefur orðið til á grundvelli samnings þegar lánastofnun veitir fyrirgreiðslu í forni láns. Í athugasemdum við frumvarpið segir að með breytingartilskipuninni 2009/44/EB sé verið að víkka gildissvið tilskipunar 2002/47/EB til þess að hámarka efnahagsleg áhrif skuldakrafna. Þá segir enn fremur að notkun á skuldakröfum muni fjölga tiltækum tryggingum. Frumvarpið verður því ekki skilið á annan hátt en að skuldakröfur séu viðbót við þær tryggingarráðstafanir sem fyrir eru, þ.e. fjárhagslegar kröfur sem ekki teljast fjármálagerningar eða reiðufé.

Af framangreindu virtu verður ekki séð að fyrirhuguð innleiðing á tilskipun 2009/44/EB sem breytir tilskipun 2002/47/EB, að teknu tilliti til breytingartillögu nefndarinnar, leiði til þrengingar á núverandi möguleikum fyrirtækja á fjármálamarkaði til að eiga viðskipti sín á milli með skuldatryggingar.

Rétt þykir að áréttu það að lög nr. 46/2005 gilda einungis um ákveðna tegund samninga. Á grundvelli almennra meginreglna kröfuréttar og samningaréttar er fyrirtækjum á fjármálamarkaði eftir sem áður heimilt að gera samninga þar sem eignir þeirra, eins og



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

reiðufé, fjármálagerningar og skuldakröfur, eru settar að veði enda sé veðsetningin að öðru leyti í samræmi við lög.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Anna M. Karlsd.
Anna Mjöll Karlsdóttir

Guðlaug M. Valdemarsd.
Guðlaug María Valdemarsdóttir